

Laxar Fiskeldi ehf.
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 31. ágúst 2021
UST202101-140/F.T.
08.12.02

Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 15. júlí 2021 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram kom í eftirliti þann 25. maí 2021. Þann 10. ágúst barst staðfesting á úrbótum.

Frávikið var eftirfarandi:

1. Gr. 2.10 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal ganga þannig um eiturefni og hættuleg efni að ekki sé hætt á því að þau berist í umhverfið. Maurasýra var ekki geymd í tilætlaðri lokaðri geymslu, til varnar þess að ílátið ásamt innihaldinu geti farið í sjóinn, heldur var ílátið laust ofan á prammanum og sýrunni dælt þaðan í meltutank.

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur, þ.e. myndir af umræddri geymslu, og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur